

Mál nr. 491/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar einstaklings.

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu er ungur drengur olli konu líkamstjóni.

Gögn.

190. Málskot, móttækið 29.11.2011, ásamt fylgigögnum.

191. Bréf X, dags 16.12.2011.

Málsatvik.

Hinn 14.1.2009 var M að störfum í skólanum S sem stuðningsfulltrúi. Umræddan dag um hádegisbil var hún að aðstoða við matargjöf í matsal skólans. Hefur M lýst atvikum sem þá gerðust í stórum dráttum á þann veg að þá hafi borið að nemendur í 10. bekk skólans, þ. á m. nemendurnar A og B. Hafi þeir verið með leiðindi og ekki viljað hlýða settum vinnureglum um útdeilingu matar og verið að ryðjast fram fyrir þá sem á undan biðu í röð eftir matnum. Hafi hún stöðvað þá með því að ganga fram fyrir þá og tjáð þeim að bíða þar til röðin kæmi að þeim. Hafi A þá troðist fram fyrir og farið að „matarlúgunni“. Hafi M þá lagt svo fyrir að A fengi ekki mat fyrr en kæmi að honum eða þar sem hann átti með réttu að vera í röðinni. Hafi A þá ráðist á M og gripið í handlegg hennar og ýtt henni harkalega á undan sér um tvo metra og hent henni þar á vegg. Skall hún með hægri öxl og höfuð á veggnum og hlaut hún áverka á öxlinni.

Slysið var tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins. Samkvæmt lýsingu á atvikinu í tilkynningunni var M með verkstjórn í matsalnum. Nemandi (A) hafi verið með yfirgang og troðning og ekki farið að fyrirmælum. Hafi M stöðvað nemandann sem hafi brugðist við með því að veitast að M og tekið á henni og hent henni út í vegg.

A er vátryggður samkvæmt ábyrgðartryggingu í fjölskyldutryggingu hjá vátryggingafélaginu X. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingunni. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Að virtum gögnum málsins, eins og þau liggja fyrir, verður að telja engum vafa undirorpið að A hafi af ásetningi tekið M tökum og hent henni út í vegg með þeim afleiðingum að hún hlaut áverka á hægri öxl. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 33/2004 um vátryggingarsamninga ber félagið ekki ábyrgð ef vátryggður hefur af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð. Ákvæði þetta er áréttað í 10. gr. sameiginlegra skilmála sem gilda um ábyrgðartrygginguna. Af þessu leiðir að A nýtur ekki vátryggingarverndar. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt.

Reykjavík, 26. janúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.